

Nr. 17-093 S 070 Kópur HF 29**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6443
Smíðaður: Hafnarfirði 1982 plast
Stærð: 6 brl. 6,3 bt.
Mesta lengd: 9,1 m Skráð lengd: 9 m
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,39 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNSA

Kópur ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júní 2017 var Kópur HF 29 á strandveiðum á SV miðum. Veður: V 5 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskaði eftir aðstoð. Bára HF 78 dró Kóp til hafnar í Grindavík.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var búinn hældrifi og fékk rekald í skrúfuna;
- að öll blöðin á báðum skrúfum vantaði og hældrifið var ónýtt;
- að skipverjinn varð aldrei var við það sem fór í skrúfuna hvorki fyrir né eftir atvikið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.